



## FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skólpælustöðvar, kostnað við uppbyggingu og innviðagjöld í Vogahverfi**

Á fundi borgarráðs, þann 10. mars 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Hefur þurft að færa skólpælustöðvar í uppbyggingu Vogahverfis?
2. Ef svo er var vitað að skólpælustöð/stöðvar væru á þessu svæði þegar lóðunum var úthlutað?
3. Ef svo er hver ber kostnaðinn af færslu hennar/þeirra?
4. Ef svo er hver er kostnaðurinn tæmandi talinn?
5. Hver er hlutur Reykjavíkurborgar í kostnaði við uppbyggingu hverfisins?
6. Hver er kostnaður Veitna ohf.?
7. Hvað er búið að greiða í innviðagjöld af svæðinu og hverjar eru eftirstöðvarnar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. mars 2022.

Svar:

1. Samkvæmt rammaskipulagi fyrir Vogabyggð, sem samþykkt var á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs hinn 9. apríl 2014, var ákveðið að skólpælustöð Veitna ohf., staðsett á Gelgjutanga á svæði 1 í Vogabyggð, skyldi víkja vegna uppbyggingar. Ákveðin var ný lóð fyrir dælustöðina sem var valinn staður á svokölluðum Fleyvangi á svæði 5 í Vogabyggð.
2. Frá samþykkt rammaskipulags fyrir Vogabyggð árið 2014 lá fyrir að skólpælustöðin á svæði 1 myndi víkja og ný stöð yrði byggð á svæði 5 í Vogabyggð. Gerð voru samkomulög við lóðarhafa í Vogabyggð um uppbyggingu og þróun lóðanna, samkomulag við lóðarhafa á svæði 1 var gert þann 10. mars 2017. Færsla skólpælustöðvarinnar var staðfest í deiliskipulagi fyrir Vogabyggð svæði 1, samþykkt dags 24. nóvember 2017 og í deiliskipulagi fyrir svæði 5 í Vogabyggð, samþykkt dags 23. október 2019.
3. Mannvirkið er í eigu Veitna ohf. og framkvæmdin við byggingu nýju skólpælustöðvarinnar er á þeirra vegum. Reykjavíkurborg á í viðræðum við Veitur um þátttöku borgarinnar í óafskrifuðum kostnaði við að leggja núverandi dælustöð niður og nýjar lagnir vegna flutnings stöðvarinnar.



## Reykjavíkurborg

4. Nýbyggingin og flutningurinn er á vegum Veitna ohf. Kostnaðaráætlanir fyrirtækisins eða útlagður framkvæmdakostnaður þess hafa ekki verið kynntar Reykjavíkurborg.
5. Eignfærður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar í Vogabyggð er nú tæpur 1,2 milljarðar kr. Áætlaður heildarkostnaður af uppbyggingu innviða skv. kostnaðarmati sem framkvæmt var í nóvember 2014 er rúmir 6,5 milljarðar króna, sem felst m.a. í gatnagerð, brú, kostnaðarhlutdeild í að leggja af núverandi skólþælustöð, bygging skóla og leikskóla. Gatnagerð í hverfinu er ekki lokið, bygging torga, strandstíga, brúar og skólamannvirkja er ekki hafin.
6. Ekki liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg upplýsingar um kostnað Veitna ohf. við byggingu dælustöðvarinnar.
7. Vogabyggð er skipt í 5 svæði, Vogabyggð 1 til 5. Uppbygging er hafin í Vogabyggð 1 og 2. Í samræmi við samkomulög milli lóðarhafa á svæðum 1 og 2 og Reykjavíkurborgar hafa lóðarhafar greitt hlutdeild þeirra í uppbyggingunni með útgefnum skuldabréfum, með gjalddaga við útgáfu byggingarleyfa. Greiðslur af skuldabréfum nema nú 1.984,1 millj. kr. og ógjaldfallið er um 480,2 millj. kr.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara